

Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins bs.  
Ögmundur Einarsson  
Gufunesi  
Pósthólf 12100 132 Reykjavík

2004110053  
0000; 9310

Reykjavík, 31. ágúst 2005  
/--

### **Efni: Breyting á urðunarsvæðinu í Álfsnesi, Reykjavík. Ákvörðun um matskyldu.**

Vísað er til erindis Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins bs. (Sorpa) dags. 22. júlí 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt breyting á urðunarsvæðinu í Álfsnesi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjavíkurborgar, umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Reykjavíkurborg með bréfi dags. 5. ágúst 2005, umhverfissviði Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 10. ágúst 2005, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 18. ágúst 2005 og Vegagerðinni með bréfi dags. 29. júlí 2005. Svar framkvæmdaraðila við umsögnum barst með tölvubréfi 29. ágúst 2005.

#### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er gert ráð fyrir að Sundabraut liggja í gegnum urðunarsvæðið í Álfsnesi. Nú er ákveðið að ekki verði urðað á vegstæði Sundabrautar þar sem ekki er talið ásættanlegt að leggja hana yfir urðaðan úrgang m.a. vegn hættu á sigi sem gæti skemmt veginn og lagnir sem tengjast honum. Einnig er hætt við urðun vestan brautarinnar. Við þetta munu tapast um 8,2 ha af urðunarsvæði og rými til urðunar minnka þannig að svæðið í heild mun ekki endast nema til áranna 2008-2010. Í stað þess svæðis sem tapast er nú fyrirhugað að stækka urðunarsvæðið til norðurs, um 12 ha, milli núverandi urðunarstaðar og nýrrar tengingar Sundabrautar og Vesturlandsvegjar. Áður en urðun fer fram á viðbótarsvæðinu er fyrirhugað að vinna allt að 150.000 m<sup>3</sup> úr klöpp á svæðinu til að auka rými og fá efni í drenlagnir og fyllingar. Fyrirkomulag urðunar á viðbótarsvæðinu verður með sama hætti og verið hefur og svæðinu skipt í 40 reinar og urðað í eina rein í einu. Áfram verður unnið á sambærilegan hátt að söfnun og hreinsun sigvatns, söfnun hauggass og því að koma í veg fyrir fok og halda meindýrum í lágmarki. Gert er ráð fyrir að með þessum breytingum muni urðunarsvæðið í heild endist a.m.k.

til ársins 2014.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að breyta skipulagi urðunarsvæðisins, vegna skerðingar núverandi urðunarsvæðis við lagningu Sundabrautar, þannig að það dugi a.m.k. fram til ársins 2014. Framkvæmdaraðili telur í ljósi rannsókna að framkvæmdin muni ekki valda umtalsverðu álagi á lífríki í nágrenni staðarins eða að forgörðum fari umtalsverð náttúrufarsleg eða menningarleg verðmæti.

**Áhrif á samfélag og sjónræn áhrif.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að samfélagsleg áhrif við stækkun á urðunarsvæðinu í Álfsnesi verði mikil því með breytingunni endist svæðið til ársins 2014 í stað árána 2008-2010 og sorpmálum höfuðborgarsvæðisins þar með ekki stefnt í tvísýnu. Fram kemur að með þeirri urðunaraðferð sem beitt er og með starfsreglum varðandi hana sé sjónmengun haldið í lágmarki.

**Áhrif á lífríki.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að niðurstaða rannsókna er sú að núverandi losun á sigvatni út í sjó hafi ekki, eða mjög óveruleg, áhrif á vöxt og mengunarstig kræklinga við útrásaropið og að ekki hefur tekist með óyggjandi hætti að sýna fram á mengun sands og þangs á sjávarbotni frá urðunarsvæðinu með mælingum. Að vísu sé talið mjög erfitt að túlka þessar mælingar, m.a. vegna breyttra mælingaraðferða. Einnig kemur fram að rannsóknir í og við Álfsnes bendi til þess að urðunarstaðurinn og starfsemin sem þar fer fram valdi ekki umtalsverðu álagi á lífríki í nágrenni svæðisins.

**Áhrif á sigvatn og grunnvatn.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt mælingum frá 1991 sveiflast COD nokkuð en virðist lækka til muna í síðustu tveimur mælingum, (júlí og desember 2003). Ammoníum virðist vera mjög breytilegt en heildamagn virðist vera nokkuð stöðugt í þremur síðustu mælingum og vera um 600 mg/l. Styrkur járn sé nokkuð jafn og hafi verið 20-30 mg/l á síðustu árum, en hafi farið hærra áður. Engra marktækra breytinga hafi orðið vart í efnainnihaldi grunnvatns í borholum í nágrenni urðunarsvæðisins.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að á landnotkunarkorti Aðalskipulags Reykjavíkur 2001-2024 sé sorpförgunarsvæðið í Álfsnesi skilgreint skv. núverandi mörkum athafnasvæði til ársins 2014 en sem opið svæði til sérstakra nota eftir það. Fram kemur að gera þarf breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Almennt.** Reykjavíkurborg, umhverfissvið Reykjavíkurborgar, Umhverfisstofnun og Vegagerðin telja ekki líkur á að framkvæmdin kunnist að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

**Áhrif á núverandi landnotkun.** Reykjavíkurborg bendir á að unnið hafi verið að umræddum breytingum á urðunarsvæðinu í samráði við framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar og Vegagerðina og fyrir liggi samkomulag Sorpu og Vegagerðarinnar er varðar afstöðu til Sundabrautar og fleiri þátta. Vegagerðin bendir á að undirbúningur framkvæmdarinnar hafi farið fram í samráði við Vegagerðina, eins og fram komi í framlögðum gögnum Sorpu.

**Áhrif á lífríki og grunnvatn.** Umhverfisstofnun bendir á að rannsóknir á svæðinu bendi til að urðunarstaðurinn og starfsemi þar valdi ekki umtalsverðu álagi á lífríki. Stofnunin ítrekar ábendingar um að ef sprungur leynist í berggrunni nýja urðunarsvæðisins geti það haft áhrif á sigvatnsrennsli sem gæti leitt til krafna stofnunarinnar í starfsleyfi um viðbótaraðgerðir varðandi bottnþéttingu og/eða mengunarvarnir.

**Starfsleyfi.** Umhverfisstofnun bendir á að starfsleyfi fyrir urðunarstað í Álfsnesi verði endurskoðað fyrir 16. júlí 2009 í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða stækkun urðunarsvæðisins í Álfsnesi í Reykjavík til norðurs um 12 ha milli núverandi urðunarstaðar og nýrrar tengingar Sundabrautar og Vesturlandsvegjar. Hætt hefur verið við áform um urðun á 8 ha svæði sem að hluta mun fara undir fyrirhugaða Sundabraut. Áður en urðun fer fram á viðbótarsvæðinu er fyrirhugað að vinna þar allt að 150.000 m<sup>3</sup> úr klöpp til að auka urðunarrými og fá efni í drenlagnir og fyllingar. Fyrirkomulag starfseminnar verður með sama hætti og verið hefur. Gert er ráð fyrir að urðunarsvæðið í heild endist a.m.k. til ársins 2014. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur í ljósi niðurstaðna rannsókna á áhrifum sigvatns í sjó og á grunnvatn, að áhrif framkvæmdarinnar á lífríki sjávar og á grunnvatn verði óveruleg. Rannsóknir í og við Álfsnes bendi til þess að urðunarstaðurinn og starfsemin sem þar fer fram valdi ekki umtalsverðu álagi á lífríki í nágrenni svæðisins. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 kemur fram að eftir 2014 verði núverandi urðunarsvæðið opið svæði til sérnota en aðliggjandi svæði fyrir blandaða byggð eftir 2024. Samkvæmt fyrirbyggjandi breytingu á urðunarsvæðinu stækkar það á kostnað lands sem ætlað er fyrir blandaða byggð eftir 2024. Skipulagsstofnun veur athygli á ábendingu Umhverfisstofnunar um að ef sprungur finnast í berggrunni nýja urðunarsvæðisins gæti það haft áhrif á sigvatnsrennsli og leitt til krafna í starfsleyfi um viðbótaraðgerðir varðandi bottnþéttingu og/eða mengunarvarnir.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins bs. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins bs. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breyting á urðunarsvæðinu í Álfsnesi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar kalla á breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001- 2024 og deiliskipulagi urðunarsvæðisins. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. september 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfissráðuneytið, Reykjavíkurborg, umhverfissvið Reykjavíkurborgar, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.